

Námsvísir
Yngsta stig 2008-2009

Umhverfismennt

Kennari: Birna Sigurðardóttir

Markmið skóla og nemenda:

Nemendur á þessu stigi eru yfirleitt mjög næmir og taka vel eftir öllu í umhverfi sínu. Þeir eru námfúsir og það er mikilvægt að viðhalda og styrkja forvitni þeirra og áhuga á umhverfinu og víkka um leið sjóndeildarhring þeirra og orðaforða.

Lögð verður áhersa á að nemendur:

- læri að bera viðingu fyrir umhverfi sínu.
- verði meðvitaður um gildi þess að flokka rusl.
- læri að upplifa umhverfi sitt og náttúruna á jákvæðan hátt og verði meðvitaðir um þau áhrif sem þeir geta haft.
- verði hæfari til þess að taka afstöðu og tileinki sér ábyrg sjónarmið og rétta umgengni við nánasta umhverfi sitt og náttúru landsins.

Markmið skóla eru miðuð við Aðalnámskrá grunnskóla-náttúrufræðihluta frá árinu 1999 og 2007.

Kennsluaðferðir og leiðir að markmiðum

Til að ná settum markmiðum verða notaðar fjölbreyttar kennsluaðferðir, gerðar athuganir og farið í vettvangsferðir.

Námsgögn

Verkefni, greinar í bókum og tímaritum og Veraldarvefurinn

Námsmat

Sjálfsmat og mat kennara á frammistöðu og færni nemanda í lok hvers tíma.